




Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjórnar

Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK



Reykjavík, 2. ágúst 2018  
Tilvísun: 2018070407

**Efni: Svar við erindi Skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. júlí s.l. þar sem óskað er umsagnar um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á asbesti í stofnunum borgarinnar.**

Vísað er til tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins á 5508. fundi borgarráðs þann 5. júlí sl. þar sem „lagt er til að Heilbrigðiseftirlitið geri úttekt á stöðu asbests í stofnum borgarinnar sérstaklega þó í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar“

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur farið yfir tillöguna, skoðað mál sem upp hafa komið vegna asbests í skólum borgarinnar á undanförunum árum og komist að eftirfarandi niðurstöðu.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að til að vinna þetta verkefni þurfi að ráða byggingarfróða aðila sem þekkja vel til byggingarsögu hér á landi þ.e. á hvaða tímum asbest var notað í byggingar og hvernig og hvar það væri helst að finna í stofnunum borgarinnar og þá hvort og hvaða byggingar væru líklegar til að innihalda asbest. Heilbrigðiseftirlitið telur að leit að asbesti sé vandmeðfarin og gæta þurfi þess að skapa ekki meiri hættu fyrir notendur húsnæðisins með leitinni en ella þar sem hætta vegna asbests er mest ef hróflað er við því t.d. við niðurrif. Óskemmt og óraskað asbest hefur ekki heilsuspillandi áhrif.

Niðurrif á asbesti er ætíð eftirlits- og starfsleyfisskyld framkvæmd hjá Heilbrigðiseftirliti og leyfisskyld hjá Vinnueftirliti ríkisins. Um niðurrif á asbesti gilda strangar reglur og eingöngu þeir sem hafa til þess réttindi mega vinna við niðurrif á asbesti. Einnig þarf að farga asbesti á réttan hátt. Heilbrigðiseftirlitið telur að ef ráðast á í leit og niðurrif á asbesti í byggingum þurfi að finna viðkomandi starfsemi annan stað á meðan á verki stendur. Áður en húsnæði sem asbest hefur verið fjarlægð úr er tekið aftur í notkun þarf að fara fram fullnægjandi hreinsun. Því er ítrekað mikilvægi þess að ígrunda vel áður en farið er í slík verkefni að stofna ekki notendum húsnæðisins í óþarfa hættu með leit að asbesti.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að erfitt sé að meta kostnað vegna svona verkefnis en gera megri ráð fyrir að hann sé verulegur, a.m.k. 2-3 ársverk auk kostnaðar sem fellur til í framhaldinu. Það að hrófla við asbesti með því að leita að því getur leitt til þess að rífa þurfi hús eða innréttingar fyrr en ella, því eins og áður segir hefur óskemmt og óraskað asbest ekki heilsuspillandi áhrif. Ef Heilbrigðiseftirlitið á að fara í verkefni af þessu tagi þarf að ráða til þess sérhæft fólk og tæki þar sem ekki er mannskapur til staðar til að vinna þetta eins og staðan er nú.

